Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2022

Efni: Umsögn um áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun

Umsögn mín fjallar um stöðu fatlaðra barna og foreldra þegar foreldrar búa ekki saman. Ekkert er að finna um þessi börn eða foreldra í núgildandi lögum, reglum eða reglugerðum. Staðan þeirra er mjög óljós. Ef upp koma vafamál þá leysa lögin ekki úr þeim.

Gallar í núgildandi lögum

Í núgildandi lögum er ekkert fjallað um börn og foreldra ef foreldrar búa ekki saman. Réttindi barna og foreldra eru óljós og háð geðþótta starfsfólks. Ef upp kemur ágreiningur þá er aðeins hægt að kvarta til Umboðsmanns Alþingis. Mennta- og barnamálaráðuneytið telur sig ekki geta skipt sér af ákvörðunum skóla og sveitarfélaga vegna ákvæðis í stjórnarskrá um sjálfræði sveitarfélaga. Ný lög þurfa að taka á þessum göllum. Réttindi þurfa að vera skýr, lög þurfa að leysa ágreining og leiðbeina, foreldrar eiga að geta kvartað/kært ákvarðanir skóla til æðra stjórnvalds og sveitarfélög/skólar þurfa að fara eftir lögum og ákvörðunum Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Sjálfræði sveitarfélaga á ekki að verða til þess að börn missi réttindi sem þeim eiga að vera tryggð í lögum um skólaþjónustu og Barnasáttmála SÞ.

Í núgildandi lögum er ekkert fjallað um samskipti foreldra og skóla. Til dæmis hvað teljist til eðlilegra eða óeðlilegra samskipta. Ekkert er fjallað um notkun upplýsingatækni/veflausnir í samskiptum skóla og foreldra, t.d. notkun Mentor eða Vala.is. Ekkert er fjallað um rétt foreldra til að hafa aðgang að veflausnum, til dæmis hvaða foreldrar skuli hafa aðgang og hverjir skuli ekki hafa aðgang. Sum sveitarfélög telja að aðgangsheimild eigi að miða við lögheimili. Það þýðir að foreldri sem á fatlað barn í viku-viku umgengni og með sameiginlega forsjá getur ekki átt eðlileg samskipti við skóla með sama hætti og aðrir foreldrar.

Í núgildandi lögum er hugtakið foreldri ekkert skilgreint. Foreldrar eru mjög ólíkir. Þeir geta verið með lögheimili barnanna, þeir geta verið með sameiginlega forsjá, þeir geta verið forsjárlausir, þeir geta verið með 100% umgengni, þeir geta verið með 50% umgengni o.s.fr.v. Hvorki Mennta- og barnamálaráðuneytið né Menntamálastofnun geta skilgreint hugtakið „foreldri“ með þeim hætti að það segi til um réttindi foreldra með skýrum hætti. Sveitarfélög, Menntamálastofnun, ráðuneyti eða skólar geta ekki sagt foreldrum hver staða þeirra er, hver réttindi þeirra séu og hvaða réttindi börnin hafa. Þetta skerðir réttindi barna og er andstætt Barnasáttmála SÞ.

Foreldrar sem hagsmunaaðilar

Það er gríðarlega mikilvægt að ólíkir hópar foreldra séu vel skilgreindir í nýjum lögum. Að réttur þeirra til þátttöku og samskipta í gegnum veflausnir sé skýr, að réttur þeirra til þátttöku vegna fötlunar barns sé skýr og að réttur þeirra til samskipta við kennara og skóla sé skýr. Það er gríðarlega mikilvægt að

barn, hvort sem það er fatlað, með greiningar eða í erfiðleikum, geti treyst á báða foreldra sína, bæði heimili sín, og að foreldrar geti stutt barnið án takmarkana.

Samskipti í gegnum veflausnir

Það er mikilvægt að skilgreina vel réttindi foreldra þegar kemur að samskiptum í gegnum veflausnir eins og Mentor og Vala.is. Í dag geta börn varið hálfu ári hjá foreldri sem ekki hefur forsjá þess. Á sama tíma ber foreldrið ábyrgð á uppeldi og menntun barnsins. Í núgildandi lögum þá eiga þessir foreldrar ekki rétt á aðgangi að Mentor eða vala.is. Þeir eiga ekki rétt á að fá upplýsingar frá skólanum nema þeir spyrjist sérstaklega fyrir. Þetta er gamaldags og þunglamalegt. Börn verð að geta treyst því að það foreldri sem það er hjá, óháð lögheimili og forsjá, hafi greiðan aðgang að veflausnum sem skólar nota til að fylgjast með námi og framvindu. Börnin verða að geta treyst því að foreldrið geti brugðist við og stutt það í náminu. Annað skerðir réttindi barns til þroska með beinum hætti. Það sama á við um veflausnir sem notaðar eru í frístund. Það er gríðarlega mikilvægt að samskipti foreldra og skóla séu öll í gegnum sömu samskiptakerfi, til að gæta hagsmuna barnsins og svo allar upplýsingar séu á sama stað.

Samantekt

Gríðarlega mikilvægt er að skilgreina vel réttindi ólíkra hópa foreldra til að tryggja réttindi barna til þroska. Það er einnig mikilvægt að samskipti skóla og foreldra byggist á því sem barni er fyrir bestu og að aðgangur foreldra sé vel skilgreindur og skýr.

Í nýjum lögum um skólaþjónustu er mikilvægt að fara eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sérstaklega eftirfarandi ákvæðum:

- Öll börn eiga að vera jöfn
- Stjórnvöld skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur fjölskyldna
- Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það
- Foreldrar bera aðalábyrgð á uppeldi barna sinna. Þegar barn á tvo foreldra bera þeir almennt báðir ábyrgð á uppeldi barnsins.
- Fötluð börn eiga rétt á því að lifa við aðstæður sem gerir þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og völ er á. Stjórnvöld eiga að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti.
- Öll börn eiga rétt á menntun. Grunnmenntun á að vera ókeypis og öll börn eiga að hafa aðgang að framhaldsmenntun. Hvetja á börn til þess að mennta sig.
- Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.

Setjið börn í fyrsta sæti og sjáið til þess að foreldrar geti stutt við börnin og tryggt þeim eins góða framtíð og mögulegt er.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Júlíusson